

Verkefni 1 - Eldurinn lifir

Fyrsta verkefnið felst í því að kveikja eldinn.

Flokkurinn þarf að sýna fram á færni í eldamennsku, brunavörnum og eldgerð.

Verkefnalýsing

Flokkurinn á að:

- sýna fram á þekkingu á mismunandi gerðum eldiviðar – hvaða timbur hentar til uppkveikju, matreiðslu og kyndingar.
- Útskýra og framkvæma viðeigandi brunavarnir og hvernig best er að tryggja öruggt umhverfi fyrir eld.
- Hlaða mismunandi bálkesti, bæði til varðelds og til matreiðslu.
- Geta tálgað spæni til uppkveikju og kveikt eld án þess að nota uppkveikilög eða aðra aðstoð.

Kröfur eftir aldri:

- Drótt- og rekkaskátar sýna þrjár ólíkar aðferðir til að kveikja eld án eldspýta eða kveikjara.
- Rekkaskátar útbúa eldstæði og útskýra mikilvægi loftflæðis fyrir góða brennslu.

Ábending til foringja

Hvetjið flokkinn til að skipuleggja verkefnið þannig að öll hafi hlutverk, allt frá efnissöfnun til framkvæmdar og kynningar.

Markmiðið er ekki aðeins að kveikja eld, heldur læra að vinna saman, undirbúa sig fyrir mótið og hafa gaman.